



Fundargerð

393. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 14:00 fimmtudaginn 11. febrúar 2016. Þetta er 2. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 3 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll og Jóna Björk Jónsdóttir varamaður Z-lista situr fundinn.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Oddviti og sveitarstjóri funduðu með fulltrúa framkvæmdasýslu ríkisins 15. janúar s.l. vegna staðsetningar gestastofu. Framkvæmdasýslan mun vinna tillögur að staðsetningum sem lagðar verða fyrir íbúafund þegar þær verða tilbúnar. Samráðsfundur var með Byggðastofnun og SASS 27. janúar á Selfossi þar sem farið var yfir stöðu mála vegna áhrifa skipulagsbreytinga á verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar. Niðurstaðan var að starfsmaður verkefnisins flyttist yfir til Kirkjubæjarstofu sem yfirtók ráðningarsamning verkefnisstjóra frá 1. febrúar s.l. Vinna stendur yfir við mótun fjórhliða samnings milli Byggðastofnunar, Skaftárhrepps, SASS og Kirkjubæjarstofu. Í byrjun janúar hafði lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands samband við sveitarstjóra vegna nemanda sem er að fara að vinna Ms. ritgerð í Mannauðsstjórnun og hafði áhuga á að vinna mannauðsstefnu fyrir Skaftárhrepp. Nemandinn heitir Anna Björk Haraldsdóttir og er farin af stað í verkefnið. Sveitarstjóri og oddviti fóru á sameiginlegan fund með almannavarnarnefndum á Suðurlandi s.l. þriðjudag þar sem farið var yfir stöðu á náttúruvám tengdum eldfjöllum á Suðurlandi. Einnig kynnti Víðir Reynisson viðbragðsáætlun við samfélagsáföllum sem unnin verður fyrir öll sveitarfélög á Suðurlandi. Veðurstofa Íslands er farin af stað með vinnu við gerð hættumats vegna Skaftárhlaupa og stefnt er að því að haldinn verði íbúafundur fyrir páska þar sem verkefnið verður kynnt frekar. Oddviti fór á fund hjá SASS vegna kynningar á skipulagsbreytingum samtakanna og á almenningssamgöngum. Einnig var farið yfir hvernig á að ráðstafa fjármunum vegna ljósleiðaraverkefnis.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Samstarfssamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps um Náttúrustofu Suðausturlands.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

2. Fækkun á dreifingardögum Íslandspósts í dreifbýli

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mótmælir harðlega áformum Íslandspóst um boðaða skerðingu á dreifingardögum í dreifbýli. Að íbúar í dreifbýli fái póst eingöngu tvisvar í viku aðra hverja viku og þrjá daga hinar vikurnar er með öllu óásættanlegt. Fyrir ári síðan voru póstkassar færðir með þeim loforðum að ekki yrði um frekari þjónustuskerðingu að ræða. Íbúar í dreifbýli sveitarfélagsins verða fyrir mikilli skerðingu á afhendingaröryggi aðfanga af þessum



sökum. Bent er á að með lokun póstafréiðslu á Kirkjubæjarklaustri á síðasta ári var þjónusta póstsins skert verulega í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma bókuninni á framfæri til Íslandspósts.

3. Verðkönnun vegna snjómoksturs á Kirkjubæjarklaustri

Fyrir fundinum liggur fundargerð vegna opnun tilboða í snjómokstur og hálkuvarnir á Kirkjubæjarklaustri 2016-2019. Fimm tilboð bárust. Lægsta tilboð á Gústaf Pálsson 10.540 kr./klst. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

4. Verksamningur við Skipulag og skjöl ehf. vegna skjalastjórnunarvinnu fyrir Skaftárhrepp

Sveitarstjórn samþykkir verksamninginn að upphæð 766.537,- sem tekið verður af eftirfarandi liðum á fjárhagsáætlun 2016;

2140-439018	301.537
2140-439019	465.000
<u>Samtals</u>	<u>766.537</u>

5. Erindi til Vegagerðar vegna nýrrar brúar yfir Eldvatn

Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar eftir framkvæmdaáætlun frá Vegagerð sem fyrst vegna uppbyggingar nýrrar brúar yfir Eldvatn. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda erindi til Vegagerðar vegna málsins.

6. Endurnýjun rekstrarleyfis Geirland ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun leyfisins.

7. Endurnýjun rekstrarleyfis Veiðifélagið Unubót ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun leyfisins.

8. Fjallskil í Vestur-Skaftafellssýslu. Erindi frá Hörpu Ósk Jóhannesdóttur. 08.02.2016

Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða fjallskilanefndir sveitarfélagsins til fundar til að ræða fyrirkomulag fjallskila í sveitarfélaginu.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 19. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 22.01.2016. Fundargerð samþykkt
2. 143. fundur fræðslunefndar. 25.01.2016. Fundargerð samþykkt
3. Fundur fjallskilanefndar Skaftártunguafréttar. 09.09.2015. Fundargerð samþykkt
4. Fundur fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafiréttar. 02.07.2015. Fundargerð samþykkt
5. Fundur fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafiréttar. 16.07.2015. Fundargerð samþykkt
6. Fundur fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafiréttar. 01.02.2016. Fundargerð samþykkt

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 169. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 22.01.2016. Fundargerð kynnt



2. 501. fundur stjórnar SASS. 14.12.2015. *Fundargerð kynnt*
3. 502. fundur stjórnar SASS. 17.12.2015. *Fundargerð kynnt*
4. 503. fundur stjórnar SASS. 22.12.2015. *Fundargerð kynnt*
5. 504. fundur stjórnar SASS. 15.01.2016. *Fundargerð kynnt*

IV. Annað kynningarefni.


1. Afrit af erindi frá Lex lögmansstofu til Suðurorku ehf. 21.01.2016. *kynnt*
2. Umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að reglugerð um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.01.02.2016. *kynnt*


Fundarmenn samþykkja að við kynningarefni bætist við eftirfarandi liður;

3. Skýrsla um kostnaðar- og ábatagreiningu Búlandsvirkjunar. *kynnt*


Næsti fundur áætlaður 10. mars 2016
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 16:00


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Sverrir Gíslason


Bjarki Guðnason


Jóna Björk Jónsdóttir

